



Kjalarnes.is



FRÉTTABRÉF FÉLAGASAMTAKA Á KJALARNESI

WWW.KJALARNES.IS

27. nóv. 2008

Abyrgðarmaður:

Guðni Ársæll Indriðason
kjalarnes@kjalarnes.is

JÓLAFÖNDUR

Laugardaginn 29. nóvember 2008 verður jólaföndur í Fólkvangi í boði Skógræktarfélags Kjalarness, kl 14:00 – 17:00.

Kaffi – Kakó – Piparkökur.

Skógræktarfélagið leggur til lítilsháttar dót fyrir föndrið, s.s.:

Greinar (greni – fura - birki) - Köngla - Vír

Dagblöð (má koma með meira í aðventukransagerð)

Málningarlímband

Það sem þið þurfið að koma með ásamt fjölskyldunni og góða jólaskapinu er:

Það skraut sem þið viljið skreyta aðventukransinn/ skreytinguna ykkar með.



Skæri - Virklippur - Greinaklippur - Lím - Límbyssu

Valdís og Karen verða á staðnum til að leiðbeina þátttakendum.

GAMAN SAMAN

Skógræktarfélag Kjalarness

FLUGELDASALA Á KJALARNESI 2008

Flugeldagámur við Sorpu. Stöndum vörð um öflugt starf björgunarsveitarinnar og verslum í heimabyggð!

28. desember kl. 13-22

29. desember kl. 13-22

30. desember kl. 13-22

31. desember kl. 10-16

29/11 Jólaföndur Skógræktarfélagsins

1/12 Unglingadeildin Stormur kl 20 í Þórnyjarbúð

3/12 Björgunarsv. Kjölur kl 20 í Þórnyjarbúð

4/12 Félagsstarf eldri borgara kl 15 - 17

4/12 Viðtalstími Hverfáraðs kl 18:30—19:30

6-7/12 Jólatriðasala að Fossá kl 11—15

6/12 Jólátónleikar Tónlistarskólans kl 10—11



AÐVENTUHÁTÍÐ BRAUTARHOLTSSÓKNAR

verður í Fólkvangi sunnudaginn 7. des. kl. 17.

Dagskrá:

Barnakór Klébergsskóla, eldri deild, syngur undir stjórn Vilborgar Þórhallsdóttur.

Rannveig Iðunn Ásgeirsdóttir les jólasögu.

Tinda tríóið flytur aðventulög.

Sr. Gunnar Kristjánsson sóknarprestur flytur hugvekjju: ”Aðventa við óvæntar aðstæður.”

Almennur söngur.

Á eftir verður boðið upp á súkkulaði og smákökur.

Allir velkomnir!

Sóknarprestur og sóknarnefnd

BJÖRGUNARSVEITIN

Björgunarsveitinni barst nýverið rausnarlegur styrkur frá Slysavarnadeild Kvenna í Reykjavík vegna viðgerða á Ford Econoline sveitarinnar. Fordinn er árgerð 1992 og er aðal útkallsbíl sveitarinnar þrátt fyrir háan aldur. Mikið hefur mætt á jeppanum í ár vegna starfsemi unglingadeildarinnar Storms og fjölgunar í útköllum og öðrum verkefnum og er nú svo komið að hann þarfnast verulegs viðhalds. Gróft áætlað hefur fjöldi útkölla og aðstoðarbeiða tvöfaldast milli ára. Einnig stóð sveitin í fyrsta sinn hálendisvakt á Kili þetta sumar og ók þar um 2.500 km, en vegir og slóðar á þessum slóðum eru ekki beinlínis þekktar fyrir að fara vel með undirvagna eða hjólabúnað.

Forvarna- og framfarasjóður Reykjavíkurborgar veitti sveitinni einnig góðan styrk á haustmánuðum, vegna skólavals sem unnið er í samvinnu við Klébergsskóla.

Venju samkvæmt er reiknað með annasömum desembermánuði hjá sveitinni, því undanfarin ár hafa útköll í þeim mánuði verið með mesta móti. Fyrirhugað er í byrjun desember að fara á hópsslysaæfingu á vegum lögregluskólans og í helgarferð með unglingana til Grindavíkur. Mánuðurinn endar svo á stærstu fjáröflun ársins – flugeldasöluna og sýningu við brennuna á Klébergshöfða.

7/12 Aðventukvöld Brautarholtssóknar í Fólkvangi kl 17

8/12 Unglingadeildin Stormur kl 20 í Þórnyjarbúð

10/12 Björgunarsv. Kjölur kl 20 í Þórnyjarbúð

11/12 Félagsstarf eldri borgara kl 15 - 17

15/12 Unglingadeildin Stormur kl 20 í Þórnyjarbúð

VIÐTALSTÍMAR HVERFISRÁÐS KJALARNES

Viðtalstímar hverfisráðs Kjalarness eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 18:30 til 19:30 í Fólkvangi.

Eftirtaldir fulltrúar í hverfisráði verða til viðtals:

4. desember 2008
Marta Guðjónsdóttir og Sigríður Pétursdóttir
8. janúar 2009
Þórir Ingþórsson og Egill Örn Jóhannesson
5. febrúar 2009
Hólmar Þór Stefánsson og Gunnar H. Gunnarsson
5. mars 2009
Ásgeir Harðarson og Sigríður Pétursdóttir
2. apríl 2009
Marta Guðjónsdóttir og Gunnar H. Gunnarsson
7. maí 2009
Þórir Ingþórsson og Eldey Huld Jónsdóttir
4. júní 2009
Ásgeir Harðarson og Hólmar Þór Stefánsson

FRÁ UMF KJALARNES

Senn líður að lokum haustannar. Iðkendum hefur farið fjölgandi og gaman að segja frá því að hér eru margir hörku duglegir og efnilegir íþróttakrakkar, bæði strákar og stelpur í knattspyrnu, fimleikum og badminton.

Eftir áramótin höldum við svo ótrauð áfram, en því er við að bæta að **sundþjálfun hefst aftur í janúar!**

Á nýju ári tekur svo við nýtt tímabil Frístundakorts sem við hvetjum alla til að nýta til fulls.

Ungmennafélagið óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju íþróttarári!

Fríða Halldórsdóttir og Guðrún Grímsdóttir

ELDRIBORGARAR

Síðastliðið haust hófst skemmtilegt félagsstarf fyrir eldri borgara á Kjalarnesi og í Kjós á vegum sóknarnefndar Brautarholtssóknar. Fundir eru haldnir alla fimmtudaga frá kl. 15:00 til 17:00 í félagsheimilinu Fólkvangi á Kjalarnesi. Markmiðið er fyrst og fremst að hittast og hafa það gaman saman í skemmtilegum uppákomum, samræðum eða leik. Á fundunum er boðið upp á kaffi og meðlæti. Við hvetjum sem flesta til þess að taka þátt í þessu skemmtilega starfi með okkur og þeir sem óska eftir nánari upplýsingum, vinsamlegast hafið samband við:

Ingibjörgu Bjarnadóttur s: 552 0542, 695 1352 eða Arndísi Guðmundsdóttur s: 561 5022, 825 1341.

JÓLATRJÁASALA AÐ FOSSÁ Í HVALFIRÐI

Helgarnar 6. og 7. desember, 13. og 14. desember og 20. og 21. desember verður opið þar fyrir almenning, frá kl. 11:00 til 15:00.


Vilji hópar koma á öðrum tíma þá er hægt að panta það sérstaklega. Allur ágóði rennur til skógræktar og uppbyggingar útivistarsvæðis á jörðinni. Skógræktarfélögin í Kópavogi, Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós eiga þetta svæði og hafa plantað í það í um 36 ár.

Með því að velja íslenskt jólatré styrkir þú skógræktarstarfið í landinu. Fyrir hvert selt jólatré geta skógræktarfélögin gróðursett 30 - 40 ný tré.

Jólatré stendur best ef það er geymt á köldum og rökum stað fram að jólum (jafnvel láta það standa í vatni, sérstaklega ef hlýtt er í veðri). Við uppsetningu er rétt að saga þunna sneið (5 – 10 cm) neðan af trénu og láta það standa samfellt í vatni yfir hátíðarnar. Mikilvægt er að það þorni aldrei!

Íslensk jólatré eru barrheldnari en innflutt vegna þess að þau eru höggvin miklu síðar en þau innfluttu og ef þau þorna aldrei byrja þau að vaxa um þrettándann!

Með jólatrjáakveðju, Fossá, skógræktarfélag.



JÓLATÓNLEIKAR TÓNLISTARSKÓLANS

Laugardaginn 6. desember kl. 10-11.

Árlegir jólatónleikar Tónlistarskólans á Klébergi verða haldnir laugardaginn 6. desember nk. Þar munu nemendur skólans leika og syngja lög í anda jólaanna auk þess sem kór Klébergsskóla syngur nokkur lög undir stjórn nýs kórstjóra, Vilborgar Þórhallsdóttur.

Tónleikarnir verða haldnir í sal Klébergsskóla og hefjast kl. 10. Gert er ráð fyrir að þeir standi í um klukkustund. Allir eru velkomnir.

Skólastjóri

